Nd. **365. Nefndarálit**

um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur.

Frá allsherjarnefnd.

Frv. þetta fer fram á nokkrar smábreytingar á lögunum frá 1914, sem fyrirsögnin greinir, þar á meðal að tilkynningarskylda um eigendaskifti að lóðum, er samkv. núgildandi lögum kemst á þegar mælingu og skrásetningu er lokið, skuli nú þegar komast í gildi, til þess að skrásetningin geti orðið sem rjettust frá upphafi. Hefir nefndin ekkert að athuga við efni frv. og leggur til, að það verði samþykt með nokkrum orðabreytingum, sem greindar eru hjer á eftir.

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 3. gr.
   Fyrir »atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu« komi: ráðherra.

2. Við 4. gr.
   Fyrir orðin »bæjarstjórnin semur« o. s. frv., til enda greinarinnar, komi: Ráðherra setur reglugerð eftir tillögum bæjarstjórnar um skyldur og störf lóðaskrárritara.

3. Við 6. gr.

Fyrir orðin »er bæjarstjórnin semur«, til enda greinarinnar, komi: er ráðherra setur eftir tillögum bæjarstjórnar.

Alþingi, 16. apríl 1923.

Jón Þorláksson, form. og frsm.

Magnús Jónsson, ritari.

Magnús Guðmundsson. Björn Hallsson. Gunnar Sigurðsson.